

Mánudaginn 26. ágúst 1996.

Nr. 11/1996.

**Dómarafélag Íslands**

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Jón G. Tómasson hrl.)

Félagsdómur.

**Úrskurður Félagsdóms.**

Mál þetta höfðar stefnandi til viðurkenningar á því að héraðs- og hæstaréttardómarar, sem taka laun samkvæmt ákvörðunum Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 og 8. september 1995, eigi frá 1. desember 1993 rétt til orlofs af fastri mánaðarlegrri yfirvinnu sem þeir fá greidda samkvæmt ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993.

Dómararnir Eggert Óskarsson og Kristjana Jónsdóttir eru félagsmenn í Dómarafélagi Íslands. Samkvæmt lögum félagsins hefur það fyrirvar fyrir félagsmenn í kjaramálum. Krafa stefnanda í málinu varðar fjárhagslega hagsmuni félagsmanna Dómarafélagsins.

Með vísan til 48. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. 1. og 9. tl. 6. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, ber dómurinum Eggert Óskarssyni og Kristjönu Jónsdóttur að víkja sæti í máli þessu.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Dómararnir Eggert Óskarsson og Kristjana Jónsdóttir víkja sæti í máli þessu.

---